



FJÁRMÁLAEFTIRLITID
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Umræðuskjal

nr. 2/2017

Drög að reglum um breytingu á reglum nr. 335/2015 um ársreikninga lífeyrissjóða.

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 26. janúar nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna reglugragna þessara.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið fme@fme.is.

6. janúar 2017

REGLUR

um breytingu á reglum um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 335/2015.

1. gr.

Á eftir 4. másl. 17. mgr. 10. gr. kemur nýr málsliður sem orðast svo:

Framsetning upplýsinga í skýringum vegna fjárfestingargjalda og áætlaðra fjárfestingargjalda skal vera í samræmi við form í viðauka II.

2. gr.

Fylgiskjal með þessum reglum skal vera hluti af reglum um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 335/2015, og verður viðauki II við reglurnar.

3. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 5. mgr. 40. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Reglurnar öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við gerð ársreikninga eigi síðar en fyrir reikningsskilaárið 2017.

VIÐAUKI II

Yfirlit yfir fjárfestingargjöld árið 20xx

	Skýr.	20xx	20xx-1
Bein fjárfestingargjöld			
Vegna innlendra verðbréfasjóða		0	0
Vegna innlendra fjárfestingarsjóða		0	0
Vegna innlendra fagfjárfestingsjóða		0	0
Vegna erlendra verðbréfasjóða		0	0
Vegna annarra erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu		0	0
Kaup- og sölubóknanir vegna verðbréfavíðskipta		0	0
Önnur fjárfestingargjöld		0	0
Fjárfestingargjöld samtals		<u>0</u>	<u>0</u>

Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld

Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld vegna innlendra verðbréfasjóða		0	0
Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld vegna innlendra fjárfestingarsjóða		0	0
Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld vegna innlendra fagfjárfestingsjóða		0	0
Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld vegna erlendra verðbréfasjóða		0	0
Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld vegna annarra erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu		0	0
Önnur áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld		0	0
Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld samtals		<u>0</u>	<u>0</u>

Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu

Innlendir verðbréfasjóðir		0	0
Innlendir fjárfestingarsjóðir		0	0
Innlendir fagfjárfestingsjóðir		0	0
Erlendir verðbréfasjóðir		0	0
Aðrir erlendir sjóðir um sameiginlega fjárfestingu		0	0
Heildareign í sjóðum að meðaltali á árinu		<u>0</u>	<u>0</u>

Hlutfall fjárfestingargjalda alls af meðaleign

Hlutfall fjárfestingargjalda innlendra verðbréfasjóða	%	%
Hlutfall fjárfestingargjalda innlendra fjárfestingarsjóða	%	%
Hlutfall fjárfestingargjalda innlendra fagfjárfestingsjóða	%	%
Hlutfall fjárfestingargjalda erlendra verðbréfasjóða	%	%
Hlutfall fjárfestingargjalda annarra erlendra sjóða um sameiginlega fjárfestingu	%	%

SKÝRINGAR MEÐ VIÐAUKA II

Undir liðinn *Bein fjárfestingargjöld* í þessum viðauka skal telja öll fjárfestingargjöld og allar þóknanir fjármálafyrirtækja og sjóða um sameiginlega fjárfestingu vegna umsýslu og stjórnunar á fjárfestingum lífeyrissjóðs, þ.e. beinan útlagðan kostnað sem greiddur er samkvæmt reikningum. Upplýsingar samkvæmt liðnum fela í sér sundurliðun á hluta fjárhæðar samkvæmt lið 3.7 *Fjárfestingargjöld* í yfirliti um breytingu á hreinni eign til greiðslu lífeyris. Með undirliðnum „Kaup- og sölubóknanir vegna verðbréfavíðskipta“ er átt við þóknanir sem eru tilkomnar vegna beinna kaupa og sölu lífeyrissjóðsins á einstökum verðbréfum. Með undirliðnum „Önnur fjárfestingargjöld“ er átt við öll önnur fjárfestingargjöld sem ekki falla undir aðra undirliði fjárfestingargjalda.

Með liðnum *Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld* er átt við sundurgreindar kostnaðarupplýsingar þegar kostnaður liggur ekki fyrir t.d. vegna þess að þóknanir fást ekki gefnar upp eða kostnaður er innifalinn í gengismuni eða vaxtatekjum viðkomandi sjóða, sbr. 17. mgr. 10. gr. Í þeim tilfellum þar sem kostnaður fæst ekki uppgefinn ber að reikna hann út, eða eftir atvikum áætla, miðað við samninga lífeyrissjóðsins við rekstrarfélög sjóðanna. Fjárfestingargjöld sem ekki eru greidd beint heldur reiknuð inn í gengi einstakra sjóða fela í sér annars vegar fjárfestingargjöld vegna sjóða þar sem fyrir liggur hver þóknunin er, t.d. hversu hátt hlutfall af eignum eða tekjum sjóðs umsjónaraðili hans fær í sinn hlut, og hins vegar sjóði þar sem ekki liggur fyrir hver þóknunin er. Vegna fyrri gerðar fjárfestingargjalda vegna sjóða þarf ekki að áætla þóknunina, einungis að reikna hana á grundvelli þekktra stærða. Vegna seinni gerðar fjárfestingargjaldanna þarf við útreikning á þóknun að gefa sér forsendur um einhverja þætti hennar, þ.e. áætla kostnaðinn út frá viðkomandi forsendum. Með undirliðnum „Önnur áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld“ er átt við áætluð fjárfestingargjöld sem ekki er hægt að færa undir aðra undirliði.

Birta skal upplýsingar um *Hlutfall fjárfestingargjalda alls af meðaleign* með því að leggja saman liðina *Bein fjárfestingargjöld* og *Áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld* og deila með heildareign í sérhverjum flokki sjóða að meðaltali á reikningsskilaárinu.

Birta skal upplýsingar um *áætluð og reiknuð fjárfestingargjöld*, hlutfall fjárfestingargjalda af meðaleign og heildareign í sjóðum miðað við meðalstöðu eigna á reikningsskilaárinu.

Starfi lífeyrissjóður í fleiri en einni deild, ber honum að sýna yfirlit yfir fjárfestingargjöld skipt eftir deildum, sbr. 6. mgr. 3. gr.